

148 tryggð með lögveði í viðkomandi eign og ganga fyrir hvers konar samningsveði 24. okt. og aðfararveði. Gjöldin má einnig taka lögtaki.

14. gr.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það hegningu samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef upplýst verður, að tengt hefur verið fram hjá vatnsmæli, þannig að ekki mælist öll notkun, skal tafarlaust lokað fyrir vatnsinntak. Vatnsveitan skal áætla, hversu mikið vatn hefur runnið fram hjá mælinum og innheimta gjald hjá hinum brotlega samkvæmt því.

Vatnsveitunni er heimilt að stöðva með öllu sölu vatns til þeirra, sem brotlegir hafa orðið samkvæmt þessari málsgrein.

15. gr.

Vatnsæðar skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinist. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum, nema að einstreymisloki sé settur á leiðslu, sem tryggja, að ekki komist vatn frá einkavatnsbólum inn á vatnsæðar vatnsveitunnar.

16. gr.

Vatnsveitan getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

149

24. okt.

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja.

1. gr.

Gjald fyrir vatn, selt gegnum mæli til fiskverkunarstöðva og annarra, sem hafa vatnskerfi sín í sambandi við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal vera kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra.

2. gr.

Gjald fyrir vatn, sem tekið er til flutnings á bifreiðum til heimilisnotkunar, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra.

3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 25.00 pr. teningsmeter frá kl. 8—17 á 24. okt. virkum dögum, en kr. 30.00 pr. teningsmeter á öðrum tíma.

149

4. gr.

Inntaksgjald skal vera kr. 1000.00—5000.00 pr. inntak, eftir mati bæjarverkfræðings.

5. gr.

Leiga fyrir vatnsmæli:

Fyrir allt að 10 rúmmetra á klst.	kr. 30.00 á mán.
— — — 20 — — —	— 40.00 — —
— — — 40 — — —	— 100.00 — —

6. gr.

Gjald fyrir enduropnun inntaks er kr. 500.00.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178 9. nóv. 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

150

25. okt.

1. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samtals 12000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 18720000.00.

2. gr.

Fyrri málsliður 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 480.00 en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 40.00.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1961.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.